

# Lög

## um breytingu á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

1. gr.

Við 37. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Rannsóknastofnun landbúnaðarins er heimilt, að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar og landbúnaðarráðherra, að eiga aðild að og stofna rannsóknar- og þróunarfyrirtæki er séu hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð er þrói hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Samþykkt á Alþingi 9. maí 2001.*